

TOM BISSELL

Sannleikurinn í Oxiana

Mér sýnist sú krafa að óskálduð saga innihaldi eingöngu ófegraðar staðreyndir eigi misvel við um greinar óskáldaðra skrifa.¹ Blaðaskrif eru til dæmis frábrugðin skrifum fyrir tímarit og ferðaskrif eru ólík endurminningum. Bókmenntagagnrýni er frábrugðin þessu öllu. Nákvæmni í meðferð heimilda er breytileg eftir því um hvaða grein óskáldaðra skrifa er að ræða. Ef vitnað er í einhvern í blaðagrein, undir formerkjum blaðamennsku, má ekki á nokkurn hátt eiga við þá tilvitnun nema kannski bæta við hana þrípunkti (sem er í sjálfu sér mjög óheildarlegt fyrirbæri ef hugsað er út í það, að gleypa í sig sannleikann í heilu lagi með þessum þremur litlu munnum). Í tímaritaskrifum lekur aftur á móti það sem margir myndu skilgreina sem ákveðna ósvífní í meðferð heimilda inn í nánast hverja einustu óskálduðu frásögn. Þetta er svo gott sem atvinnuleyndarmál tímaritaskrifa. Ég er að tala um að taka viðtal, skrifa það niður af heilindum en þurfa svo vegna lengdartakmarkana að þjappa því saman, án þrípunkta, í tilvitnun sem viðmælandinn kannast tæpast við að hafa látið út úr sér. (Galdurinn er að gera þetta án þess að – og þetta er mikilvægt – *afbaka* það sem viðmælandinn sagði, eða reita hann til reiði.) Eða að taka góða lýsingu á einhverju úr miðri grein, betrumbæta hana og færa hana fremst til að „selja“ greinina. Hver einasti blaðamaður sem ég þekki annaðhvort þarf eða velur að gera þetta mjög reglulega við skrif í tímarit. Verklag sem telst óásættanlegt á dagblaði er algengt á tímaritum. Vegna þess að við lesum dagblað öðruvísi en tímarit og við lesum tímarit öðruvísi en bók. Væntingar okkar til sannleikans og ólíkra birtingarmynda hans breytast með rásunum sem færa okkur hann.

Þegar ég skrifa í tímarit er yfirleitt um að ræða ferðaskrif og fyrsta bókinn

¹ Bissell talar hér tvisvar um *non-fiction* og er það þýtt hér sem *óskálduð skrif* og *óskálduð saga*. Bissell notar aldrei hugtakið *creative non-fiction* í greininni (sem skrifuð er 2004) heldur bara *non-fiction* og því er orðið *sannsaga* ekki að finna í henni. Tekið skal fram að allar neðanmálsgreinar eru þýðanda.



mín var aukin útgáfa af ferðagrein sem ég skrifaði upphaflega fyrir tímarit. Paul Theroux sagði eitt sinn að ferðaskrif hæfust sem blaðamennska, læddust út í skáldskap og enduðu sem sjálfsvískrif – þetta er besta skilgreining á ferðaskrifum sem ég hef rekist á. Þau byrja sem blaðamennska vegna þess að skrifin eru um raunverulega staði, raunverulegt fólk og raunverulega atburði. Þau leita í skáldskapinn vegna þess að hrein frásögn af ferðalagi myndi annars snúast um álíka spennandi fyrirbæri eins og flugvallarmat, gjaldeyrisviðskipti og reglur á hótellherbergjum. Í raun eru ferðaskrif, af öllum undirgreinum óskáldaðra skrifa, að endurminningum frátöldum, líkust skáldskap. Maður er með reynslu sem er mjög persónuleg en oft líka óþægilega formlaus, og (þú) verður að breyta henni í frásögn.² Fæstir blaðamenn leitast við að búa til frásögn og þótt megi finna „ris“ í dæmigerðri tímaritsgrein, þarf hún ekki að líkjast sögu í hefðbundinni Aristótelískri sagnahefð. Líkt og skáldskapur snúast ferðaskrif um fólk og hughrif, litlu atriðin og óvæntu uppákomurnar, og allt þarf einhvern veginn að koma saman í sögu. Mörðu er sleppt og gert er meira úr ýmsu. Raunverulegt fólk sem á sínum tíma hafði óljós áhrif – það er að segja fólk sem þú náðir ekki nafninu á eða tókst ekki viðtal við eða fékkst ekki almennilega tilfinningu fyrir – er oft „skapað“ með sama hætti og skáldsagnapersónur eru skapaðar. Tímaröð er gjarnan breytt og það sem þú hugsaðir ekki á ferðalaginu heldur við skrif textans, verður óvænt það sem heldur frásögninni saman. Þegar maður skrifar um ferðalag ertu að reyna að koma til skila hvernig upplifunin var, en sé maður ekki með hljóðupptökutæki sem er alltaf í gangi eða ert stöðugt að taka sjálfan þig upp með vídeókameru, getur verið mjög erfitt að að muna hvernig upplifunin var, nema með listrænni aðstoð hins stórkostlega leikmyndahönnuðar sem við köllum minni mannsins.

Höfum eitt á hreinu; það er ekki til neitt í okkar harða og kaldranalega heimi sem heitir saga. Sögur lifa ekki sínu eigin lífi þar til einhvers konar meðvitund í hylki kemur að og ákveður hvar þær byrja og enda, hvað skal leggja áherslu á og hverju sleppa. Saga er huglægasti krafturinn í veröldinni – þá á ég ekki við í gáfulegum pó-mó skilningi þar sem reynsla er afstæð og sannleikurinn ekki til. Ég trúir stöðugt á sannleikann, sérstaklega bókmenntalegan sannleika og góða höfundar sem vinna að því að höndla þann sannleika í óskálduðum skrifum, með sterkum rökum og notkun á smáatriðum, sannfæra okkur um að sannleikurinn sé til. Góðir höfundar óskáldaðs efnis eru prestar sannleikans sem þurfa þar að auki að berjast við að finna hann, því sannleikurinn er oft skelfilegur og sár; hann er næstum óvæntur. Blaðamenn eins og Stephen Glass og

² Frásögn er hér þýðing á *narrative*.

Jayson Blair³ halda að þeir þekki sannleikann og skrifa samkvæmt því. Þeir finna upp smáatriði sem eiga að segja okkur það sem þeir sjálfir trúu nú þegar. Góður höfundur sannsögulegs efnis tekur óáhugaverða efniviðinn í mannlegri tilveru og breytir honum í sanna sögu sem þó fylgir ekki endilega út í æsar því sem gerðist. Því það sem gerðist í raun og veru er ekki alltaf skýrasta myndin af hinu sanna. Blaðamaður segir okkur til dæmis að tveir brjálæðingar hafi drepit fjölskyldu í Kansas. Er það satt? Já, en sannleikurinn er margir faðmar á dýpt. Truman Capote flytur okkur aftur á móti inn í líf morðingjanna og fórnarlambanna og skilur lesendur eftir berskjaldaða gagnvart siðferði og ráðgátum mannlegrar tilvistar. Ég leyfi mér að minna á að *Í köldu blóði* (*In Cold Blood*) eftir Capote – sem telst meðal margs annars frábær ferðaskrif – var harkalega gagnrýnd fyrir að innihalda fjöldann allan af „mistökum“ sem nú hafa verið vel skjalfest. Þá er ekki verið að tala um það að Capote virðist hafa átt í ástarsambandi við annan morðingjann – Perry, fyrir þá sem þekkja til bókarinnar, meðan á ritun hennar stóð. En sannleikurinn er flóknari – skelfilegri – en það sem átti sér stað, og í mínum huga jók það gildi bókarinnar að ég skyldi ekki verða hissa þegar ég heyrdi af annars fyriritlegum ástarflækjum Capotes og viðfangsefnis síns. Vegna þess að maður finnur fyrir þeim líka þegar *Í köldu blóði* er lesin vandlega. Hugsanlega segir það okkur að góður höfundur afhjúpi einnig sannleikann þegar hann eða hún ætlar sér það ekki.

Leiðin til Oxiana (*The Road to Oxiana*) eftir Robert Byron er líklega eftirlætisverkið mitt af meiddi óskáldaðra skrifa og uppáhaldsferðasagan mín. Að mínu mati er hún eitt skýrasta dæmið um hvernig hægt er að skrifa um eitthvað sem gerðist án þess að *einskorða* sig við það sem gerðist. Í fyrsta skipti sem ég las *Oxiana* hélt ég að kannski fimmtíu prósent af því sem Byron segir okkur hafi átt sér stað – grunur sem var staðfestur af frekari lestri um Byron – en ég trúði og trúi á sannleikann með stóru S-i í frásögn hans, nokkuð sem ég kem að fljótlega.

Það er rétt að segja aðeins frá Robert Byron þar sem *Oxiana* er því miður ekki eins þekkt og hún ætti að vera. Byron fæddist 1905 í Wiltshire á Englandi, fjar-skyldur ættingi Byrons lávarðar, og þreyttist aldrei á að láta fólk vita af því. Hann var samkynhneigður í anda hins óforbetranlega Oscars Wilde (elskaði að mæta í

³ Jayson Blair var blaðamaður á *New York Times* sem árið 2003 varð uppvís að því að hafa bæði skáldað og stolið efni í fjölda greina sem hann skrifaði fyrir blaðið. Stephen Glass var ritstjóri *The New Republic* (1995–1998) þar til sýnt var fram á að margar greina hans í blaðinu væru tilbúningar.

veislur klæddur eins og Viktoría drottning enda taldi hann sig líkjast henni, þótt fáir væru því sammála) og Bizarro fagurfræði⁴ og alltaf til í að fordæma listamenn eins og Shakespeare og Rembrandt sem fúskara og loddara. Byron sótti þessa hneykslun sína í klíku Oxfordnemenda sem kallaðist Hræsnaraklúbburinn – Evelyn Waugh og Anthony Powell voru líka meðlimir – en hann ræktaði með sér það sem James Knox ævisagnaritari Byrons kallaði „grallaralega“ fyrir- litningu á viðtekinni hugmyndafræði gagnrýnenda. Ólíkt Waugh og Powell óx Byron aldrei upp úr þessu – þegar hann hrósaði í hástert list og arkitektúr Mið-Austurlanda og Mið-Asíu, sem í dag virðist full ástæða til, var það úthugsuð smánun á evrópskum smekk – og ýmist ögrandi eða særandi framkoma kostaði Byron á endanum marga vini.

Hann greip ferðabakteríuna snemma og sjálfmenntaði sig af miklum ákafa. Hann gaf út fyrstu ferðasöguna sína, um Grikkland, þegar hann var aðeins tuttugu og eins árs. Bók hans, *The Byzantine Achievement*, skrifuð þegar hann var tuttugu og fjögurra ára, var stórmerkileg menningarsöguleg rannsókn á Býsansríki frá fornöld að miðöldum, hjarta kristinnar menningar um aldir. En áhugamál hans náðu yfir allan hnöttinn, frá Sovétríkjunum (sem hann var svo framsýnn að fyrirrita) til Persíu og Afganistan (tekin fyrir í *Leiðinni til Oxiana*) og Indlands (þar sem hann, forspár sem fyrr, fordæmdi Breska heimsveldið, og fulltrúa þess, fyrir að vanrækja „erfiðasta lærdóm hvers Englendinga, umburðarlyndi og skilning á hefðum og hugsun útlendinga“). Líkt og Paul Fussell bendir á í inngangi sínum að *Oxiana* leit Byron á ferðalög og ferðaskrif sem „form þekkingar“ og í sjálfu sér „lífrænan samhljóm efnis og athafna sem þeir (ferðalangar) reyna allt lífið að finna... Ferðalangurinn er þræll eigin skynjana; skilningur hans á staðreyndum fer alfarið fram í gegnum skilningarvit hans, þegar hann sér, heyrir eða finnur lyktina af þeim.“ Byron tók einfaldlega inn, hlustaði á og andaði að sér veröldinni. Hann ferðaðist til Nuremberg til að verða vitni að samkomum nasista og eyddi restinni af ævinni í að fordæma þá Evrópumenn sem hölluðu sér að Hitler – óvenjuleg staða fyrir rithöfund sem hefur verið gagnrýndur fyrir gyðingahatur, og það ekki alveg að ósekju, (þótt það hafi verið minniháttar og eigi sér líklega skýringar í kynslóðabili). Árið 1941, þegar svo átti að heita að hann væri á leið til Mið-Austurlanda sem blaðamaður fyrir dagblað í London, en var raunar í þjónustu Bresku leyniþjónustunnar við að fylgjast með aðgerðum Sovétmanna, var skipinu sem hann sigldi með sökkt af Þjóðverjum undan ströndum Skotlands. Nokkrir um borð lifðu; ekki Byron. Hann var þrjátíu og sex ára.

Leiðin til Oxiana kom út árið 1937. Þótt hún hafi vakið athygli víða á þeim tíma, varð hún ófáanleg með árunum, þar til hún öðlaðist nýtt líf á áttunda áratugnum

⁴ Afbrigðileg fagurfræði eða furðufagurfræði í anda satíru og súrrealisma

og snemma á þeim níunda fyrir tilstilli nýrrar kynslóðar ferðahöfunda, Bruce Chatwin og Paul Fussell þar fremstir í flokki. Það er auðvelt að skilja aðdáun Chatwins á Byron, þar sem hann er hugsanlega sá eini sem nær að skjóta Byron ref fyrir rass þegar kemur að mjög skríttinni og óvæntri nálgun á ferðasöguna.

Oxiana vísar til landsvæðisins í kringum Oxus-ána, eins og það var þekkt í huga Rómverja, en heitir í dag Amu Darya. Upptök árinna er í fjöllum Afganistan. Á tíma Byrons hlykkjaðist hún meðfram sunnanverðum landamærum Sovétríkjanna; nú rennur hún í gegnum Afganistan, Usbekistan, Túrkménistan og fellur, eða féll, í Aralvatn. Byron hafði árum saman verið heltekinn af sögum um Qabus-turninn í Persíu en hann var byggður á elleftu öld af konungi sem átti að hvíla í glerkistu á toppi hans. Fáir Vesturlandabúar höfðu séð turninn – sem átti að standa á mjög fjarlægum slóðum – eða fengu að fara frjálsir ferða sinna um Persíu (síðar Íran). Árið 1931 opnaði hins vegar Reza Shah, trúlaus þjóðernissinni sem lofaði að nútímavæða Persíu (og mistókst hrappallega), landamærin, að einhverju leyti, fyrir erlendum ferðamönnum. Byron og ferðafélagi hans Christopher Sykes, rithöfundur og sérfræðingur í breska utanríkisráðuneytinu í málefnum Mið-Austurlanda, lögðu uppnumdir í hann til að finna Qabus-turninn. Þeir byrjuðu í Feneyjum, fóru þaðan til Beirut, síðan Palestínu, áður en þeir loks komust til Persíu og Afganistan, eða þess Oxiana sem titillinn vísar til.

Leiðin til Oxiana er sett fram sem nokkurs konar ferðaskissur, blekking sem Byron tekur alla leið inn í efnisyfirlitið en það ber yfirskriftina „Færslur“. Hann ýkir þessa framsetningu enn frekar með því að tiltaka háttíðlega með skáletri hæð yfir sjávarmáli þar sem hann gerir stans á (*Mazar-i-Sharif, 1,00 ft.*). Setningar eins og þessar fullkomna blekkinguna: „Undanfarna þrjú daga hef ég lesið Proust (og nú eru áhrif af óstjórnlegum smáatriðalýsingum farin að leita inn í þessa dagbók.)“ Staðreyndin er að Sykes og Byron skrifuðu fyrst gamansögu um ferðalag þeirra um Persíu og Afganistan, bók sem kallaðist *Sakleysi og ásetningur (Innocence and De-sign)*. Útkoman olli miklum vonbrigðum: *Sakleysi og ásetningur* er hugsanlega verst skáldsagnatitill allra tíma og bókin hefur verið ófáanleg um langa hríð án þess að það trufla nokkurn. Byron ákvað fljótlega að gera aðra tilraun til að skrifa um ferðina. Hann vann að „dagbókinni“ í þrjú ár. Dagbókar-blekkingin, svo notað sé svoltið harkalegt orð, er aðeins upphafið á því hvað hann fór frjállega með í lýsingum þeirra Sykes í *Oxiana*.

Áður en við skoðum það skulum við líta aðeins á snilldarlegar lýsingar Byrons en fáum hefur tekist að toppa þær í ferðabókmenntum síðastliðinna sjö áratuga. Tvö brot ættu að duga. Hið fyrra lýsir útsýninu af gufuskipi undan ströndum Grikklands:

Klettur urðu roðagylltir og blá slika féll á skuggana. Sólin sökk, Grikkland varð að töfrandi skuggamynd og syðsti viti Evrópu hóf að blikka. Handan við hornið, í næsta flóa, glitraði rafmagnið í Gytheion.

Það seinna er af götum Jerúsalem, eða King David-stræti:

Þarna fer Arabinn úr eyðimörkinni hjá, með sitt brjálæðislega yfirskegg, í fyrirferðarmiklum gylltum kamelullarklæðum; Arabakonan með andlitsflúr og útsaumud klæði, og körfu á höfðinu; íslamski presturinn, vel snyrtur og túrban vafinn um fez-hattinn; rétttrúnaðargyðingurinn, með slöngulokka, skinnhatt og í kjólfötum; gríski presturinn og gríski munkurinn; skeggjaðir með hárið í snúð undir háum svörtum höttum; prestar og munkar frá Egyptalandi, Abessiníu og Armeníu; latínupresturinn í brúnum kuffi og hvíthattaður; konan frá Betlehem með höfuð vafið undir hvítri skikkju en sagt er að það sé arfleifð norður-konungdæmisins; og á meðal þessa alls, í bakgrunni ómissandi hversdagsleikans, stöku jakkaföt, kjóll, myndavélaólaður túristi.

Ókei, ég get ekki haldið aftur af mér – eitt brot í viðbót. Þetta er frá Norður-Afganistan sem ég sótti heim fyrir tveimur árum. Þegar ég hafði lesið lýsingu Byrons örvænti ég um að geta skrifað nokkuð sem næði ævarandi fegurð Afganistans andspænis að sama skapi hrikalegu landslagi norðurhéraðanna.

Smám saman varð landið grænna, hagar og óbifanlegar lendur, og trjám fjölgaði, þar til skyndilega að niðurníddir veggir risu upp úr jörðinni og byrgðu fyrir útsýnið. Innan þeirra teygðu sig miklar borgarrústir til norðurs en í suðri var allt glansandi grænt af mórberjum, öspum og virðulegum einangruðum platantrjám og verkaði eins og smyrsl á augu sem forneskjulegt landslagið fyrir á leiðinni hafði farið illa með.

Ég vona að þú sért sammála því að þetta séu skritin, óvænt en umfram allt falleg skrif: „glitraði rafmagnið í Gytheion“, „brjálæðislegt yfirskegg“, „myndavélaólaður túristi“, „óbifanlegar lendur“, „smyrsl á augu sem forneskjulegt landslagið fyrir á leiðinni hafði farið illa með.“ Allt sprettur þetta upp úr huggulegu næði dagbókarinnar, fer langt umfram fábreyttar kröfur blaðamenskunnar og svífur upp í hæstu hæðir stórfenglegrar sagnalistar. Byron, maður áþreifanlegra frá-

sagna, og Byron, maður sem grípur viljandi til bókmenntalegra tilþrifa vísitandi skáldaðra atriða, sitja þétt saman í þessum dæmum, sýna hvor öðrum virðingu og deila sama þennanum.

En Oxiana er meira en ferðasaga. Margir kaflanna eru til marks um inn-sæi Byrons í stjórnsmál Mið-Austurlanda og Mið-Asíu. Tökum, til dæmis, þetta kaflabrot um Herat í Afganistan – en ég minni á að það var skrifað fyrir hartnær sjötíu árum: „Dökkir yfirlitum, með haukfrán augu og arnarnef, valsa þeir djarfmannlega um dimmt markaðstorgið. Þeir bera rífla þegar þeir fara að versla, svipað og Lundúnabúar hafa með sér regnhlífar.“ (Enn satt, vel að merkja.)

Þessir ógnandi tilburðir eru að hluta leikræns eðlis. Það er ekki víst að hleypt verði af rifflunum. Líkamsbygging hermanna er ekki sérlega áhrifamikil án klæðilegra einkennisbúninganna. Jafnvel glampinn í augum þeirra er oft andlitsmálningu að þakka. En hér ríkir sú hefð; í landi þar sem lög og reglur eru óáreiðanleg að yfirbragð afls kemur manni frekar í gegnum daginn. Það kann að vera að þetta sé óheppileg hefð í augum yfirvalda en hún hefur að minnsta kosti varðveitt tignarlegt yfirbragð þjóðarinnar og sjálfstraust. Þeir ætlast til að Evrópu-búinn lagi sig að þeirra lífsstíl frekar en öfugt, nokkuð sem mér varð ljóst í morgun þegar ég ætlaði að kaupa arak (vodka); það er ekki að finna dropa af áfengi í bænum. Loksins hef ég rambað á Asíu sem er ekki þjökuð af minnimáttarkennd. Sagan segir að Amanullah (sem nýlega hraktist frá völdum) hafi stært sig af því við Reza Shah að hann yrði fljótari að innleiða vestræna hætti í Afganistan en Rezs Shak í Persíu. Það voru endalok Amanullah og megi svipaðar yfirlýsingar boða endalok arftaka hans.

Við getum auðvitað haft skoðun á aðdáun Byrons á tilfinningalegu sjálfstæði Afganistans, sem enn er í fullu fjöri, í ljósi þeirra erfiðleika sem þessi sami sjálfstæðisandi hefur kallað yfir landið. En í bland við efasemdir okkar ættum við einnig að gefa sérstökum hæfileikum Byrons gaum. Það er ekki að Byron „náí“ Afganistan eða sé þeirrar skoðunar að menning landsins verði föst í viðjum eigin takmarkana um aldur og ævi. Lönd eru alltaf að breytast. En það þarf sérstakan höfund, ef hann er utanaðkomandi, til að gera á trúverðugan hátt grein fyrir landi og menningu, negla í einni málsgrein þau fáu óljósu atriði sem eru einstök fyrir hana og lifa um langan tíma. Flestir blaðamenn fara flatt á slíkum tilraunum, alveg skiljanlega. Það er of flókið að skrifa á þennan hátt, of hættulegt og hræðsla við að móðga og fara með rangindi er oft mikil. Slíkt frjálsræði líkist

of mikið skáldskap. Engu að síður vilja sumir höfundar óskáldaðs efnis fyrir alla muni skrifa á þennan hátt og gera það frábærlega. Spurningin er hvort Byron gerði raunverulega þessa uppgötvun þegar hann var að leita sér að vodka einn morguninn. Maður dregur það í efa. Fór hann út, endaði í vodkalausum bæ og sneri þá fúll heim aftur? Miðað við það fyllerísorðspor sem fór af honum, geri ég ráð fyrir því – mig grunar að hann hafi leitað að vodkanu í langan tíma og svo nöldrað yfir því í álíka langan tíma. Nokkur gjörólík atriði – upplifun Byrons af vopnaburði afganskra karlmanna á leið á markaðinn, leit Byrons að landa og vaxandi aðdáun Byrons á sjálfstæðisanda Afganistan – mætast á blaðsíðunni og búa til blekkingu sem vill til að er sönn. Nokkrar uppljómanir fléttaðar saman í list. Þetta er blaðamennska, greining, ferðaskrif, sjálfsæviskrif, skáldskapur og óskálduð skrif. Þetta gerðist ekki en það gerðist samt.

Ég er sannfærður um tæknilegan ásetning kaflans vegna skrifa Christophers Sykes, ferðafélaga Byrons, eftir andlát hans. Leiðarlýsingin í *Leiðin til Oxiana* er allt öðruvísi en það sem Sykes mundi – en hann var síður en svo ósáttur við það; hann skildi í hvaða listrænu átt Byron var að teygja sig. „Sigur“ Byrons í Oxiana, eins og Paul Fussell bendir réttilega á í inngangi sínum, er „tuttugu frábærlega myndin samtöl, sum þeirra eins og lítul leikrit, með sviðslýsingum og útsettri tónlist“. Hérna er skemmtilegt dæmi, sett fram frá annarri hliðinni: „*Fjögur hundruð* piastres fyrir þetta herbergi? *Fjögur hundruð* sagðirðu? Guð minn góður! Við förum! Hringdu á bílinn. Þrjú hundruð og fimmtíu? *Eitt* hundruð og fimmtíu meinarðu. Þrjú hundruð. Ertu heyrnarlaus, heyrirðu ekki? Ég sagði hundruð og fimmtíu. Við erum að fara. Það eru fleiri hótél. Komum, þökkum farangrinum. Ég efast um að við dveljum í Baalbek yfirhöfuð.“ Byron og Sykes enda á að fá herbergið fyrir hundruð og fimmtíu.

Síðan þetta:

Og núna viskí og sóda. Hvað rukkarðu fyrir það? Fimmtíu piastres. Fimmtíu piastres, einmitt. Hverjir heldurðu að við séum? Ég skal borga *fimmtán* piastres, ekki fimmtíu. Ekki hlæja. Ekki heldur fara. Ég vil nákvæmlega svona mikið viskí, ekki meira, ekki minna, þetta er bara hálfur sjúss. Þrjátíu, segirðu? Er þrjátíu helmingurinn af fimmtíu? Kanntu að reikna? Sóðavatn, einmitt. Tuttugu núna. Nei, *ekki* tuttugu og fimm. Tuttugu. Það er munurinn, ef þú bara gerðir þér grein fyrir því.

Hérna er samtál á milli Byrons og fyrirmanns sem hann nefnir Muntazim-i-Telegraph, eða maðurinn sem rekur símskeytaþjónustuna í Herat, Afganistan.

Muntazim vill vita hvar Amanullah Khan býr eftir að hafa verið steyp af stóli.
Byron svarar:

„Í Róm, býst ég við.“

„Kemur hann aftur?“

„Þú ættir að vita það frekar en ég.“

„Ég hef ekkert heyrt.“

„Bróðir hans, Inyatullah, er núna í Teheran.“

Muntazim settist upp. „Hvenær kom hann þangað?“

„Hann býr þar.“

„Hvað gerir hann?“

„Spilar golf. Hann spilar svo illa að erlendir diplómatar forðast hann.

En um leið og þeir heyrdðu að Nadir Khan konungur hefði verið ráðinn af dögum, hringdu þeir allir í hann og buðu honum að spila.“

Muntazim hristi höfuðið yfir þessum ógnvænlegu tíðindum.

„Hvað er golf?“ spurði hann.

Hinn raunverulegi senuþjófur bókarinnar er Shir Ahmad, afganski sendiherrann í Persíu, maður sem Byron lýsir svo: „vafinn í glansandi flauelsslopp, strjúkandi sitt eggjahettuskegg, grimmilegri en nokkru sinni.“ Hérna eru dæmigerð samskipti á milli Byrons og Shir Ahmad:

R.B.: „Ef yðar hátign veitir mér leyfi, mun ég fara aftur til Afganistan með vorinu.“

Shir Ahmad: „Ferðu aftur? (Þrumar) AUÐVITAÐ ferðu aftur.“

R.B.: „Og Sykes vonast til að koma með mér.“

Shir Ahmad: „Vonast? Hann þarf ekki að vona neitt. (Þrumar) AUÐVITAÐ fer hann með þér. Ég læt hann hafa vegabréfsáritun.“

R.B.: „Ég kundi vel við Afgani því þeir tala hátt og segja meiningu sína. Þeir eru ekki að fela neitt.“

Shir Ahmad (gjóar augunum): „Ha, ha, þú hefur rangt fyrir þér. Þeir eru ekki allir þar sem þeir eru séðir. Þú ert ekki með réttu ráði. Þú hefur ekki séð þá.“

R.B.: „Fólkið þitt, yðar hátign, var undantekningalaust gestrisið við mig. Ef ég skrifa eitthvað um Afganistan mun ég sýna þér það fyrst.“

Shir Ahmad: „AF HVERJU?“

R.B.: „Ef vera kynni að skrifin móðguðu þig.“

Shir Ahmad: „Það er engin þörf á því. Engin þörf. Ég mun ekki lesa

það. Mig langar ekki til þess. Ef þú skrifar vinsamlega verðum við þakklát fyrir hrósið. Ef þú skrifar ekki vinsamlega verðum við þakklát fyrir ráð frá vini. Þú ættir að skrifa það sem þér finnst. Þú ert heiðarlegur maður.“

R.B.: „Yðar hátign er góður maður.“

Shir Ahmad: „Ég góður, ha, ha. Allir Afganir eru gott fólk. Þeir eiga gott líf. Ekkert vín, engar eiginkonur annarra. Þeir trúa Guði og trúarbrögðunum. Allir Afganir gott fólk, allir fiðlur.“

R.B.: „Fiðlur?“

Shir Ahmad: „Fiðlur, nei? Er það *franska*? *Trúir*, já?“⁵

Í *Oxiana* lætur Byron stundum sem hann geti bjargað sér á farsí. Hann gat það ekki. Sykes segir Byron vera, og dregur þá úr að því virðist, „mjög lélegan“ málmann og upplýsir okkur um að „öll samtöl sem eru ekki á ensku í bókinni hans [séu] skálduð“. Þannig að fyrstu tvö frábæru og sprenglæggilegu samtölin sem ég deildi með ykkur áttu sér aldrei stað. Byron bjó þau til. Sama með Shir Ahmad, eina efirminnlegustu persónu allra ferðabókmennta, hann var líka stórlega ýktur.

En „skáldaði“ Byron þetta? Að skálda eitthvað í bók sem þykist vera sönn er alvarleg vanvirða við trúnaðartraust lesandans og að því virðist ófyrirgeflegt. Ég myndi segja að í hinum myndu samtölum nái Byron einhverju úr ferðalaginu og fólkinu sem hann hitti og reyndi að tala við, einhverju sem rétt og vandlega niðurskrifuð upprifjun hefði ekki náð að negla. Shir Ahmad er eflaust ýktur, en að öllum líkindum var hann yfirdrífinn maður sem átti til að sýna af sér afganska stórmennsku. Á mínum eigin ferðum um Afganistan hef ég komist í kynni við fólk sem var eins og Shir Ahmad hefði verið fluttur sjötíu ár fram í tímann. Ég las *Oxiana* fljótlega eftir heimkomuna – áður en ég vissi að Byron hefði búið til þessi myndu samtöl – og leikþættirnir með Shir Ahmad birtust mér eins og fullkomin dæmi um ákveðnar hliðar á dæmigerðum Afgana. Enn erum við að tala um svolítið hálar hugmyndir um hinn „ósanna sannleika“ og í þessu tilviki er málefnið ekki bara sleipt heldur opnast eins og gjá þar sem allt getur farið forgörðum. Hvernig heldur maður sér á brúninni án þess að detta ofan í?

Nú geri ég játningu. Það er svolítill leikþáttur í bókinni minni, *Chasing the Sea*, sem er auðvitað virðingavottur minn við Robert Byron. Í honum koma fyrir, ásamt sjálfum mér, túlkurinn minn Rustam, sjálfboðaliði í Friðargæslunni að nafni Rick og leiðsögumaður sem heitir Faruza. Þátturinn gerist í skoðunarferð

⁵ Á ensku notar hann orðin: *fiddle, french, faithful*.

um virki í Bukhara í Úsbekistan. Hann er líka „skáldaður“. Það er, hann er búinn til úr frösom sem ég hripaði niður á leiðinni, setningum frá leiðsögumanni í Bukhara sem talaði mjög svo hjagaða ensku og ýmsu sem ég mundi úr samtölum okkar frá því hann fylgdi mér um virkið. Ég vonaðist til að koma til skila einhverri tilfinningu fyrir Faruza, konu sem ég eyddi tveimur klukkustundum með, og ég vonaðist til að gefa einhverja tilfinningu fyrir því hvernig það er fyrir út-lending að vera fylgt um fornminjar Bukhara. Framar öllu vonaðist ég til að vera *heidarlegur* og ég vonaðist til að kaflinn virkaði sannur. En ég var að skrifa þetta næstum ári eftir heimsóknina til Bukhara og minnisblöðin mín, þótt þau væru ítarleg, voru ekki tímahylki. Ég átti nokkra kosti: að skrifa ekki neitt um ferðina, skrifa um hana og gæða mér á meðan á þeim svissneska osti sem minnið er, eða skrifa um heimsóknina með því að splæsa saman ónákvæmum minningum og minnispunktum og ræna heimildum annars staðar frá og vona að allt kæmi út nokkurn veginn eins og það sem ég upplifði. Ég valdi þessa þriðju leið án þess að hika. Leikþátturinn minn er því „tilbúningur“. Hann er líka sannur í öllum veigamestum atriðum, og ég stend við hann með góðri samvisku.

Ég ætti að vera snöggur að nefna – mjög fljótur – að það eru aðrir kaflar í *Chasing the Sea*, líkt og í *Leiðinni til Oxiana*, sem urðu til úr ítarlegum minnispunktum og innihalda eiginleg, nákvæmlega niðurskrifuð samtöl en styðjast mjög lítið við tilbúning til að lýsa raunverulegum atburðum. Í þessum senum er hægt að þekkja fólkið og þá sögulegu atburði sem minnst er á. Verðir sannleikans í blaðamennsku og bókmenntum standa langt fyrir ofan slík mál og það af ástæðu: að ljúga til um mannkynssöguna eða rugla í lífi fólks og því trausti sem það ber til þín sem höfundar er siðlaust – helmingi verra en siðlaust, því þegar eitthvað er komið á prent er lygin varanleg. Einhverjir kunna að segja að með því að búa til hin löngu fyndnu samtöl hafi Byron verið að hræra allhressilega í sannleikanum. Eða að ég sé svamlandi í jafn gruggugu vatni þegar ég bý til samtölin við Faruza (sem er ekki hennar rétta nafn). Mitt sjónarmið er þetta: að koma sannleikanum til skila í óskálduðum skrifum er ekki eins og einföld færibandavinna þar sem sannleikskjarnar og staðreyndir líða vélrænt hjá. Skoða þarf hvert tilfelli fyrir sig þar sem hjartað á jafn stóran þátt og heilinn.

Veltu aðeins fyrir þér einföldu verkefni í óskálduðum skrifum: Þú ert að reyna að lýsa einhverjum sem þú hittir einu sinni. Í minningunni er viðkomandi í kúrekastígvelum, bláum gallabuxum, með beltissylgju í laginu eins og Oklahoma-fylki, í rauðköflóttu skyrtu, með bláan svitablautan klút bundinn lauslega um hálsinn, Oakley sólgleraugu, stóran kúrekahatt úr leðri, og eyrnalokkur úr gulli í vinstra eyranu. Hendur hans eru óvenju smáar og naglaböndin sprungin. Reyndar blæðir úr einum þumlinum. Hann er svolítið bólugrafinn, sérstaklega

í kringum munninn og við annað kinnbeinið, sem rétt sést í við neðri brúnina á sólgleraugunum, lúrir óljós minning um glóðarauga. Eftir svolitla stund fer þig að gruna að hann hafi nýlega stigið í kúamykju vegna þess að það er eins og sterkur hlöðuskítsilmur hangi yfir honum. Þú tekur líka eftir að hann hefur rakað sig nýlega, illa – það hefur orðið eftir eins og sentímeters breið lína á kjálkanum. Og í minningunni brosir hann. Hvar á þá að byrja? Hvað á að minnst á? Og hvað ekki? Þetta er dæmigert fyrir það sem höfundar óskáldaðra texta standa reglulega frammi fyrir; afbrigði af því sem Byron þurfti að tækla þegar hann skrifaði myndu samtölin í *Leiðinni til Oxiana*, og vandamálið sem ég tókst öðru hverju á við í *Chasing the Sea*; hvað gefur rétta mynd og hvað ekki? Ef maður skrifar eingöngu um ímyndaðan kúrekailm og illa rakað andlit, verður til ósmekklegur ruddi. Ef maður minnst bara á glóðaraugað og sólgleraugun, birtist slagsmálhundur. Minnst maður á brosið birtist heillandi slagsmálhundur. Ef allt er tiltekið er hætta á að maður reyni um of á þolinmæði lesandans (og ritstjórans). Val á smáatriðum í óskálduðum skrifum getur teiknað ranga mynd þótt staðreyndir séu réttar og sömuleiðis verið ósanngjarnari og óheidarlegri en það sem Robert Byron bjó til í myndu samtölunum, sem líka voru, og höfum það á hreinu, byggð á *einhverju*. Val á smáatriðum í óskálduðum skrifum getur líka orðið sérstaklega upplýsandi. Sem höfundur þarf maður að reiða sig á eigin mildi og örlæti til að gefa rétta mynd af varnarlausri manneskjunni sem stendur hinum megin við orðin. Óskáldaður texti þrýstir höfundinum í átt að sömu spurningum og skáldsagnahöfundar spyrja sig, spurningum um rými, heidarleika og skáldlega nákvæmni, og ákvarðanir þeirra annaðhvort upplýsa lesandann eða glata trausti hans. Það sem gerir þessar spurningar svo snúnar fyrir höfund óskáldaða textans er að hann getur ekki breytt eða búið til í sama mæli og skáldsagnahöfundar gera án þess að þurfa að óttast siðferðislegar afleiðingar. Höfundar óskáldaðra texta verða að vinna með það sem þeir hafa í höndunum; finna frelsi í búi. Ég er ekki að halda fram að auðveldara sé að fást við skáldskap en óskálduð skrif; sjálfum finnst mér skáldskapur miklu erfiðari *vegna þess* að þá hef ég ekki jafn mikið af lýsandi smáatriðum við hendina. Það getur verið erfitt að velja úr réttu smáatriðin en að búa þau til frá grunni er oft martröð. Hinir endalausur valkostir mannsins geta orðið svo hræðilega ógnvekjandi.

Það er áhugavert að í bók sem reiðir sig í jafn miklum mæli á eiginleika skáldskaparins og *Leiðin til Oxiana*, er ekki að finna sterka áherslu á framvindu. Það eru setningarnar sem draga mann áfram fremur en sagan. Nýlega skrifaði gagnrýnandi að „meira að segja í bók sem er jafn góð og *Leiðin til Oxiana* þá inniheldur hún aðeins of mikla dómhörku... Það er óhjákvæmilegt að frásögnin líði fyrir

það... Öll bókin er... eins og röð af beittum vinjettum sem ná ekki alveg að verða að atburðarás og hún virkar ómarkviss undir lokin.“ Þrátt fyrir aðdáun mína á bókinni er ég nokkuð sammála þessu, sérstaklega þessu um ómarkvissu tilfinninguna í *Oxiana* undir lokin. Turninn í Qabus er vonbrigði – og þá eru hundrad síður eftir. Þegar Byron loks snýr aftur til Englands, punktar hann hjá sér: „allt var draslaralegt og ljótt í rigningunni. Á Paddington-lestarstöðinni byrjaði ég að verða ringlaður, yfir því að brátt myndi ég nema staðar, vegna yfirvofandi áreksturs ellefu mánaða ferðar og óhagganlegs heimilis. Og áreksturinn átti sér stað; það var nítján og hálfur dagur síðan við yfirgáfum Kabúl. Hundarnir komu hlaupandi. Og síðan birtist móðir mín – en nú þegar öllu er lokið læt ég hana hafa þessa frásögn; það sem ég hef séð kenndi hún mér að sjá og mun segja mér hvort mér hafi tekist vel upp.“ Bókin endar. Þótt mér þyki endirinn góður, er hann mjög rislágur og auðvitað líka haugalygi. Dagbókin náði ekki til mömmu hans fyrir en þremur árum síðar. Hann var ekki einu sinni almennilega byrjaður að skrifa bókina þegar hann kom heim. En ég efast ekki um að Byron hafi skrifað þetta fyrir hana, tilfinningin er þá sönn. Þetta er privatlygi á milli tveggja aðila sem sá þriðji, lesandinn, verður vitni að. Ætli það hafi skipt móður Byrons máli? Eða þig?

Í ágúst síðastliðnum las ég grein í vefútgáfu *Salon*. Yfirskriftin var: „Játningar endurminningahöfundar“. Höfundur greinarinnar er Terry Greene Sterling en viðfangsefnið er Vivian Gornick sem hafði verið með upplestur við Goucher háskóla þar sem Sterling er MFA-nemi. Sterling segir svo frá umræðum eftir upplestur Gornick:

Gornick svaraði spurningum áhorfenda – og sló þá út af laginu með lýsingum á hvað hún hafði farið frjálstlega með sannleikann. Þessar opinberanir urðu til þess að hrinda af stað umræðum um stöðu sannleikans og sköpunarfrelsis á tímum eftir Jayson Blair... Gornick var umsvifalaust grilluð af áhorfendum. Þetta var árekstur menningarheima: virtur endurminningahöfundur frá New York á móti hópi sem í voru hátt skrifaðir blaðamenn. En á eftir klóruðu nemendur sér enn í hausnum og reyndu að skilja hversu mikið má eiga við upplýsingar í óskálduðum skrifum – og hvenær maður breytist í Jayson Blair.

Það sem sló áheyrendur út af laginu var að Gornick viðurkenndi að sum samtölin í mjög góðri endurminningabók um móður hennar, *Fierce Attachments*, væru spunnin upp. Hins vegar get ég ekki annað en velt fyrir mér hvað sé raunverulega að trufla Sterling. Ímynda áheyrendurnir í Goucher háskóla sér að þeir sem skrifa endurminningar gangi um með upptökutæki til að fanga samtöl eins og uppljóstrarar í mafiunni? Halda þeir að allt í óskálduðum skrifum þurfi að vera nákvæmlega skrásett til að vera tilfinningalega satt? Skilja þeir ekki að það er mikill munur á endurminningum og blaðagrein með fyrirsögninni: „Eignasala vekur spurningar um siðferði“? Og hvenær gerir *hvað* mann að Jayson Blair? Það að reyna að muna tíu ára gömul samtöl? Jayson Blair var á flesta mælikvarða andstyggðarpési og ömurlegur blaðamaður. Hann var ritþjófur og lygari. Það sem Blair og hinn fordæmði félagi hans Stephen Glass gerðu er líka jafngamalt Meyjarhofinu í Aþenu, bókstaflega. Einn fyrsti höfundur óskáldaðra skrifa, Þúkýdídes, skáldaði líka allt.

Þessi mikla hneykslan. En þessi mikla hneykslan afhjúpar eitthvað. Það sem hún sýnir er ekki einungis gjá á milli væntinga þeirra sem skrifa skáldskap og óskáldaða texta heldur líka þeirra sem skrifa óskáldaða texta og þeirra sem skrifa óskáldaða texta. Gornick ritaði aðdáunarverða varnargrein í *Salon*, þar sem hún sagði „endurminningar flokkast undir að vera bókmenntir, ekki blaðamennska. Það er misskilningur að lesa endurminningar eins og höfundurinn skuldi lesandanum sömu algjöru nákvæmni og í hefðbundinni blaðamennsku eða bókmenntalegri blaðamennsku“⁶. Það sem höfundur endurminninga skuldar lesandanum er að sýna fram á að sögumaðurinn sé raunverulega að reyna að komast til botns í þeirri reynslu sem er til umfjöllunar. “Ég myndi víkka sjónarhornið enn frekar til að ná inn flestum gerðum bókmenntalegu blaðamennskunnar, því bókmenntalega blaðamennskan – allavega sú sem sýnir listrænan metnað – reiðir sig ekki bara á endurminningarnar heldur líka margbreytileika sem fólgin er í reynslu, hvernig hún kemur fyrir sjónir, hvernig hún hljómar, hvernig upplifunin er. Reynslu verður aldrei lýst eins af tveimur manneskjum. Bókmenntirnar stoppa í bilið þar á milli.

⁶ Bókmenntaleg blaðamennska er hér þýðing á „literary journalism“ sem stundum er ruglað við „new journalism“, eða nýju blaðamenskuna. Bókmenntaleg blaðamennska er ekki tengd við tímabil eða ákveðin umfjöllunarefni ólíkt nýju blaðamenskunni sem náði vinsældum á árunum milli 1960–1970 og er gjarnan tengd við höfunda á borð við: Tom Wolfe, Joan Didion og Hunter S. Thompson. Sjónarhorn nýju blaðamennskunnar er huglægt sjónarhorn höfundar sem ávallt var fyrirferðarmikill í frásögninni. Umfjöllunarefnið voru gjarnan tengd tíðaranda sjöunda áratugarins. Í bókmenntalegri blaðamennsku getur sjónarhornið verið bæði huglægt og hlutlægt og áherslan er meiri á frásagnarlega dýpt en gengur og gerist í hefðbundinni blaðamennsku.

Að viðurkenna það er ekki hið sama og að leyfa mörkunum á milli skáldskapar og óskáldaðra skrifa að leysast upp. En samt leysast þau reglulega upp. Við verðum að setta okkur við eftirfarandi: Það er nú viðurkennt að óþægilega stór hluti klassískra óskáldaðra texta er blandaður með skáldskap. Ungi esseyistinn John D'Agata skrifaði nýlega um þetta í tímaritið *The Believer* (ritgerð þar sem höfundurinn tekur á sig króka til að verja Vivian Gornick):

Daniel Defoe var fimm ára þegar þegar plágan geisaði sem hann skrifar um í endurminningum sínum, *Journal of the Plague Year*. Thomas de Quincey var enn undir áhrifum þegar endurminningar hans um það að verða edrú voru gefnar út. Skólafélagar George Orwells könnuðust ekkert við það sem hann fjallaði um í endurminningabók sinni um skólaárin. Og Mary McCarthy, sem skrifaði yfir tuttugu rómáðar endurminningabækur, talaði reglulega um hversu óáreiðanlegt minnið væri.

Það mætti bæta Melville við þessi dæmi D'Agata: *Typee* var upphaflega gefin út sem óskáldaður texti og Melville hélt fram að hann hefði dvalið meðal íbúa Fídjí í fjóra mánuði; hið rétta er fjórar vikur. Minningar Nabokovs í *Speak, Memory* eru of fágaðar og nákvæmar til að vera nokkuð annað en tilbúningur. Norman Mailer viðurkenndi að í *The Executioner's Song* væru senur og millikaflar sem væru tilbúningur, og í bókinni er að finna bréf Jacks Abbotts – án þess að heimilda sé getið – sem Mailer átti þátt í að leysa úr fangelsi með skelfilegum afleiðingum. Það segir okkur kannski eitthvað að öll þessi dæmi eru af skáldsagnahöfundum sem skrifuðu líka óskáldaða texta. Það virðist vera til einhver óskrifuð regla eða þegjandi samkomulag um að skáldsagnahöfundar megi leyfa sér meira þegar þeir reyna sig við óskálduð skrif. Mörkin eru óskýr og hafa verið það í hundruð ára. Það er aðeins ætlun þeirra sem dansa á línunni og tíminn sem tekur að koma upp um þá sem hefur breyst. Það er auðvitað fagnaðarefni. Verra er hið krossferðakennda⁷ andrúmsloft þar sem samviskusamir höfundar óskáldaðra skrifa eru brennimerktir sem lygarar og blekkingameistarar og farið er fram á yfirborðskenndar staðreyndir í tilvikum þar sem ekki er hægt að svara spurningunni „Hvað gerðist?“ til fulls með því einu að rekja hvað gerðist.

— — —

⁷ Bissell talar hér um „*Crucible*-like“ og er líkast til að vísa til bókar Arthurs Millers með sama nafni. Sú heitir *Eldraunin* í íslenskri þýðingu Kristjáns Þórðar Hrafnssonar en *Í deigluinni* í þýðingu Jakobs Benediktssonar.

Lengi vel hafði ég miklar áhyggjur af flokkunum „skáldskapur“ og „óskálduð skrif“. Ég óttaðist að ef fyrsta bókin mín væri óskálduð yrði alltaf litið á mig sem höfund óskáldaðra texta sem fíktaði stundum við skáldskap. Ég byrjaði í skáldskap og lít á mig sem skáld sem lifir á því að skrifa óskáldaða texta. Smám saman hætti ég að hafa áhyggjur af „skáldskap“ og „óskálduðum skrifum“ og einbeitti mér í staðinn að hafa bara áhyggjur af skriftunum. Ég hætti að velta mér upp úr sjönrum og sneri mér að einu spurningunni sem skiptir raunverulega máli: hvernig skrifa ég eitthvað satt, eitthvað sem ég trúi sjálfur og gæti hreyft við öðru fólki? Þegar ég skrifa óskáldaðan texta er ég bundinn af staðreyndum, rannsóknarvinnu, rými og hæfileikum. Þegar ég skrifa skáldskap er ég bara bundinn af ímyndunaraffinu og hæfileikum. Bæði skáldskapur og óskáldaður texti takmarkast af einhverju og í stað þess að láta það fara í taugarnar á sér læra þeir höfundar sem fást við hvorutveggja að laga sig að formunum. Höfundur óskáldaðs texta vinnur traust lesandans með sýn sinni, örlæti og vægðarlausri sjálfsgagnrýni. Höfundur „Eignasala vekur spurningar um siðferði“ veit að hans traust er þegar áunnið af blaðinu sem hann skrifar fyrir. Báðar þessar tegundir af trausti eru mikilvægar, vissulega, en aðeins önnur þeirra opnar fyrir háleita möguleika listarinnar.

Ég fyllist stundum örvæntingu á rithöfundasamkomum eins og Bennington eða Bread Loaf⁸ þegar höfundum er skipt í „skáldskap“ og „óskáldað efni“ eins og farþegum í almennt farrými og viðskiptafarrými. Ég var næstum búinn að kýla einn ungan höfund á Bread Loaf síðasta sumar þegar hann sagðist alltaf ósjálf-rátt gera ráð fyrir að flestir höfundar sem einbeittu sér að óskálduðum skrifum væru slappir höfundar. (Að því sögðu, margir vel metnir höfundar óskáldaðra texta ferðast um síðurnar með snúna ökkla og maður sýpur hveljur þegar þeir reyna að gerast „bókmenntalegir“. Fínni *New York Times* höfundar eru alltaf að þessu; þegar þeir lýsa briminu í Mexíkó eða kotbónda í Zimbabwe, höfundurinn og textinn klofnar. Það er aldrei fallett. Eða kannski er vandamálið að það er of fallett.) Og nýlega langaði mig að kyrkja vinkonu mína sem allajafna skrifar skáldskap þegar hún byrjaði að hringja stöðugt í mig – eftir að hún hafði verið beðin að skrifa ritgerð fyrir safnrit – til að fá ráðleggingar við að skrifa óskáldaðan texta. „Segðu sögu!“ sagði ég henni ítrekað. „En þetta á að vera óskáldað!“ svaraði hún. Ég vildi óska að fleiri skáldsagnahöfundar fengjust við óskálduð skrif og öfugt. Þótt ég beri virðingu fyrir höfundum sem tala um skáldskapinn sem köllun sína, hún þoli enga truflun. Ég virði það en er ósammála. Vel skrif-

⁸ Bread Loaf er rithöfundasamkoma sem hefur verið haldin árlega síðan 1926. Bennington vísar til Bennington háskóla en þaðan hafa útskrifast höfundar á borð við Bret Easton Ellis, Donna Taart og Jonathan Lethem.

aður texti er mannleg reynsla, það skiptir mig ekki máli hvort hann er byggður á staðreyndum eða er algjör ímyndun. Orð, ekki sjönrur, hreyfa við hjörtum. Skáldaðir og óskáldaðir textar; það sem virðist vera ókleifur múr þar á milli er gegnsætt plexíglær: græn engin eru svipuð, sjást báðum megin frá og það er jafn góð upplifun beggja vegna þegar grasið smýgur á milli tánna.

Huldar Breiðfjörð þýddi.

